

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 27. apríl 2023

Mál nr. S-3558/2022:

## Héraðssaksóknari

(Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari)

## gegn

**Magnúsi Aroni Magnússyni**

(Bjarni Hauksson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 31. mars sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 22. ágúst 2022, á hendur Magnúsi Aroni Magnússyni, kt. [...], [...], Reykjavík, „fyrir manndráp, með því að hafa laugardaginn 4. júní 2022 utan við heimili sitt að [...] í Reykjavík, svipt A, kennitala [...], lífi, en ákærði beitti A ofbeldi, fyrst inni á stígagangi hússins að [...] og síðan utan við húsið, en er komið var út úr húsinu sparkaði ákærði í og kýldi A og náði honum niður í jörðina og þar sem A lá á jörðinni, kýldi ákærði, sparkaði og traðkaði margsinnis á höfði hans, þar á meðal andliti, og brjóstkassa, allt með þeim afleiðingum að A hlaut af húðblæðingar með undirliggjandi mjúkvefjablæðingum og merslu í andliti og hálsi, fjölbrot á neðri kjálka, kinnbeinum, nefbeinum og tungubeini, innkýlt brot í fremri kúpugróf og útbreitt heilamar, sárrifur á vinstra hvirfilsvæði, vinstra augnsvæði og neðri vör og húðblæðingar og mjúkvefjablæðingar í djúpum og grunnum vöðvum aftanverðs háls og lést af völdum höfuðáverkans með kjölfarandi umfangsmiklu heilamari og áverka á andliti sem torveldaði öndun. Auk þess hlaut A af stakar húðblæðingar og smásár á grip- og ganglimum, stakar húðblæðingar og mjúkvefjablæðingar á bol og mjúkvefjablæðingu yfir vinstra herðablaði.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

## Einkaréttarkröfur:

Af hálfu B, kt. [...], er þess krafist að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.- auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Jafnframt gerir hún kröfu um að ákærða verði gert að greiða útfararkostnað að fjárhæð kr. 1.500.000,-, sbr. 12. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Loks er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, verði sá lögmaður er kröfuna gerir ekki skipaður réttargæslumaður.

Af hálfu C, kt. [...], er þess krafist að ákærði greiði honum miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.- auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt gerir hann kröfu um að ákærða verði gert að greiða útfararkostnað að fjárhæð kr. 1.500.000,-, sbr. 12. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Loks er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, verði sá lögmaður er kröfuna gerir ekki skipaður réttargæslumaður.

Af hálfu D, kt. [...], fyrir hönd [...] hennar, E, kt. [...], er þess krafist að ákærði greiði miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.- auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða bætur vegna missis framfæranda, frá 4. júní 2022 til 18 ára aldurs, að fjárhæð kr. 7.284.216, auk vaxta skv. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Loks er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, verði sá lögmaður er kröfuna gerir ekki skipaður réttargæslumaður.

Af hálfu F, kt. [...], fyrir hönd [...] hennar, G, kt. [...], er þess krafist að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.- auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða bætur vegna missis framfæranda, frá 4. júní 2022 til 18 ára aldurs, að fjárhæð kr. 3.130.691,-, auk vaxta skv. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Loks er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, verði sá lögmaður er kröfuna gerir ekki skipaður réttargæslumaður.

Af hálfu H, kt. [...], er þess krafist að ákærði greiði honum miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.- auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, verði sá lögmaður er kröfuna gerir ekki skipaður réttargæslumaður.

Af hálfu I, kt. [...], er þess krafist að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.- auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, verði sá lögmaður er kröfuna gerir ekki skipaður réttargæslumaður.

Af hálfu J, kt. [...], er þess krafist að ákærði greiði honum miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.- auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, verði sá lögmaður er kröfuna gerir ekki skipaður réttargæslumaður.

Af hálfu K, kt. [...], er þess krafist að ákærði greiði honum miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.- auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, verði sá lögmaður er kröfuna gerir ekki skipaður réttargæslumaður.

Af hálfu L, kt. [...], er þess krafist að ákærði greiði honum miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.- auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, verði sá lögmaður er kröfuna gerir ekki skipaður réttargæslumaður.“

Við aðalmeðferð málsins var bótakröfu B breytt þannig að krafa vegna útfararkostnaðar var lækkuð í 1.351.960 krónur og fallið var frá kröfu C um útfararkostnað.

Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði sýknaður af ákæru fyrir manndráp, sbr. 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og brot hann þess í stað heimfært til 2. mgr. 218. gr. laganna. Jafnframt krefst hann þess að gæsluvarðhaldstími verði dreginn frá refsivist. Einnig er krafist lækkunar á bótakröfum [...] og [...] ákærða, og aðallega frávísunar annarra bótakrafna, en til vara lækkunar þeirra. Þá krefst verjandinn þess að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

### **Málsatvik**

Samkvæmt skýrslu lögreglu barst, þann 4. júní 2022 kl. 19:23, tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um slagsmál framan við [...] og kom fram að verið væri að berja meðvitundarlausan mann. Var um tvær mismunandi tilkynningar að ræða. Þegar komið var á vettvang mættu lögreglumenn öðrum tilkynnandanum, ákærða, sem gekk í átt að þeim. Hann var alblóðugur og sagði mann hafa ráðist á sig, en hann hefði rotað manninn. Spurður hvar sá maður væri benti hann í átt að kerru sem var á malarplani framan við húsið að [...].

Bak við kerruna lá hreyfingarlaus maður klæddur ljósum fatnaði. Höfuð hans vísaði til suðurs og hann lá á bakinu. Höfuð hans var á grasi en háls hans lá á steypukanti og restin af líkamanum á möl. Maðurinn var mjög illa farinn í andliti og fjólublár að lit um allt höfuðið. Lögreglumaður kannaði hvort öndun væri til staðar og þreifaði hvort maðurinn væri með púls, bæði á háls og úlnlið, en fann engan púls. Þar sem munnur mannsins var fullur af blóði var ákveðið að færa hann í hliðarlegu.

Ákærði var látinn setjast á stein við innkeyrsluna. Í skýrslum lögreglu kemur fram að hann hafi verið rólegur en óútreiknanlegur, hann hafi fylgt fyrirmælum lögreglu og ekki virst undir áhrifum áfengis eða fíkniefna.

Fleiri lögreglumenn komu á vettvang og var endurlífgun hafin. Við það kastaði maðurinn upp. Á meðan færðu aðrir lögreglumenn ákærða í handjárn og var honum kynnt réttarstaða sakbornings ásamt ástæðu handtökunnar, en hann var síðan fluttur á lögreglustöð.

Skömmu síðar kom sjúkralið á vettvang og tók við endurlífguninni. Tekin var ákvörðun um að hætta endurlífgun kl. 19:41 þar sem hún bar ekki árangur. Hinn látni reyndist vera A, en farsími hans fannst í vasa hans og gerði lögreglu kleift að finna út hver hann væri.

Til að tryggja að ekki væri um fleiri gerendur eða árásarþola að ræða var farið inn í húsnæðið að [...], sem er [...] fjöleignarhús á [...]. Þar mátti sjá blóðkám á

stigagangi sem lá frá miðhæð upp í risibúð. Íbúar á miðhæð svöruðu ekki er knúíð var á dyr þeirra og var hurðin að þeirri íbúð því brotin upp. Eftir skoðun á öllu húsnæðinu var ljóst að húsnæðið var mannlaust.

Lögreglumenn ræddu við íbúa að [...] en þau höfðu ekki orðið vör við neitt fyrr en lögreglubifreið hefði komið að [...]. Annar íbúinn sagðist þekkja til konunnar sem byggi í risibúðinni, en hún byggi þar ásamt [...] sínum sem hafi verið sá sem hafi verið handtekinn af lögreglu. Hún taldi að drengurinn ætti við andleg veikindi að stríða. Þau sögðust ekki þekkja íbúana á miðhæðinni en þar byggi ungt par sem væri líklega ekki tengt þessu. Í kjallaranum byggi svo maður sem þau þekktu ekki til.

Þá var rætt við íbúa að [...]; M, N og O, en tilkynning barst frá þeim vegna atviksins. M greindi frá því að hafa verið staddur heima hjá sér að [...] að grilla í bakgarðinum þegar hann hefði heyrt hávaða og köll koma frá [...]. Hann hefði gengið fyrir horn hússins en ekki séð neitt. Síðan hefði hann séð menn komna út og annar maðurinn hefði stappað á hinum, en sá maður hefði verið alblóðugur á höndunum. Hann hefði sparkað í höfuð og brjóstkassa á þeim sem hefði legið á jörðinni. Höggin hefðu virst stanslaus. Hann taldi að hann hefði í fyrstu séð hinn látna anda, en hann hefði svo ekki séð meira um líðan hans. Hann hefði þá beðið [...], N, að hringja í lögregluna. Hann kannaðist við þann sem hefði sparkað sem mann sem byggi á 3. hæð í [...] og taldi að sá ætti við einhvern geðrænan vanda að stríða.

N kvaðst hafa séð atvikið frá stofuglugganum sem vísaði til suðurs að [...]. Hún hefði látið [...] sinn vita og hann hefði beðið hana um að hringja á lögreglu. Hún hefði síðan farið að svefnherbergisglugga á efri hæðinni sem vísi einnig til suðurs til að sjá atvikið betur. [...] hennar hefði sagt henni að það þyrfti að fá sjúkrabíl á staðinn þar sem verið væri „að drepa mann“.

O sagðist ekki hafa séð allt atvikið. Hann hefði heyrt [...], M og N, ræða saman þar sem hann hefði verið staddur á skrifstofu heimilisins að lesa. Hann hefði farið í svefnherbergi með glugga sem vísi til suðurs að [...] og séð þar alblóðugan mann, beran að ofan, ganga niður tröppurnar að manni sem lá meðvitundarlaus á jörðinni og sparka í hann. Honum hefði brugðið mjög og fundist sem markmiðið væri að klára verkið. Spörkin hefðu átt sér stað örskömmu áður en lögregla kom á vettvang. O tók tvær ljósmyndir á símann sinn sem hann sýndi lögreglu og sýndu þær þrekvaxinn dökkhærðan mann, alblóðugan á höndum og beran að ofan standa með síma við hinn látna.

Óskað var eftir lögreglumönnum frá tæknideild og miðlægri rannsóknardeild á vettvang. Þá var héraðslæknir einnig kallaður á vettvang.

Í skýrslum lögreglu kemur fram að lögregla hafði einnig verið kölluð að [...] skömmu eftir miðnætti nóttina áður vegna kvartana yfir ógnandi hegðun ákærða í garð íbúa í húsinu og líkamlegs ofbeldis, en ákærði hefði þá kýlt nágretta sinn, P. Þá var lögregla einnig kölluð til kl. 16 sama dag af sömu sökum.

Á lögreglustöðinni greindi ákærði frá því að nágranni hans, A, hefði bankað hjá sér og sagt að þeir þyrftu að ræða saman. A hefði gengið óboðinn inn í íbúð hans og þá hefði ákærði ráðist á hann og rotað hann. Aðspurður sagði ákærði að enginn aðdragandi hefði verið að þessu og þeir hefðu ekki deilt áður. Hann hefði reiðst mjög þegar A hefði komið óboðinn inn og brugðist svona við í kjölfarið. Ákærði kvaðst vera allsgáður, hann hefði hvorki neytt áfengis né fíkniefna. Þá kvaðst hann ekki eiga við andleg veikindi að stríða og væri ekki með neinar greiningar þess eðlis.

Þegar lögreglumenn ræddu við ákærða í fangaklefa lýsti hann því hvernig atvik hefðu verið og sýndi með látbragði. Hann sagði A hafa dottið á bakið. Hann hefði þá farið ofan á hann og kýlt hann í andlitið og sýndi hvernig hann hefði gert það. Hann hefði svo sparkað fjórum sinnum í A eftir að hafa kýlt hann þar sem hann lá á jörðinni. Þar sem hann hefði verið að sparka í A hefði A litið út eins og hann væri að fá flogakast. Þegar ákærði var spurður hvernig og hvar hann hefði sparkað í A sýndi hann lögreglumönnum hvernig hann gerði það, fyrst með tánum en svo stappaði hann með fætinum og bentu svo á andlit sitt til að sýna hvar hann sparkaði í höfuðið á A. Eftir það hefði hann áttað sig á að A væri „yfirbugaður“, en þá hefði hann hringt eftir aðstoð lögreglu.

Gerð var réttarlæknisfræðileg skoðun á ákærða að kvöldi 4. júní 2022. Samkvæmt vottorði Q, heimilislæknis á héraðsvakt, dags. sama dag, var ákærði samvinnuþýður og gaf samþykki til skoðunar og blóðtöku. Kontakt var einkennilegur, eins og honum fyndist spennandi að vera rannsakaður og að tekin væru sýni. Ákærði bar um að líða vel, ekki vera með neina sjúkdóma og hafi aldrei fengið neinar greiningar. Hann neitaði því að heyra raddir eða vera með aðsóknarhugmyndir. Hann væri ekki á neinum lyfjum og hefði ekki neytt áfengis eða fíkniefna. Áfengisblástursmæling var neikvæð. Ákærði kvaðst ekki hafa verið í vinnu eða skóla frá [...] ára aldri. Hann sagðist einungis hafa sofið í tvær klukkustundir síðasta sólarhringinn þar sem hann hefði verið að reyna að snúa sólarhringnum við.

Ákærði sagði ekki hafa verið nein átök við handtöku sína. Hann hafði greint lögreglu frá verk í öxl en spurður um hvort hann væri með áverka af völdum annarra eða eitthvað sem hann hefði áhyggjur af að væri brotið og þyrfti að skoða neitaði hann því.

Ákærði var [...] kg og [...] cm á hæð, mjög [...] og [...] á efri hluta búks og upphandleggjum. Hann hafði blóðslettur í andliti, mest á vinstri augabrún, vörum og hægri eyra. Hvergi var bólgu í andliti, skrámur eða aðra áverka að sjá. Tveir ljósbrúnir blettir voru á hálsi sem læknirinn taldi vera gamla. Á bók á vinstri síðu undir holhönd var rautt mar, um 2 x 3 cm að stærð, eins og blóðið hafi hlaupið upp í húðina. Á vinstri öxl aftanverðri var sár eins og rífið hafi verið ofan af bólu um 1 cm í þvermál. Utanvert á vinstri upphandlegg voru tvær rispur sem mynduðu eins og v á hvolfi sem litu út fyrir að vera nýjar. Á báðum úlnliðum voru merki eftir handjárn. Mikil bólga og roði var á

báðum höndum dorsalt yfir MCP II og III, öllu meiri vinstra megin. Ákærði sagðist vera réttthentur. Yfir MCP II og III hægra megin voru grunn lítil fleiðusár. Á framanverðum hægri legg var eins og grunn rispa framan á leggnum endilangt um 7 cm eða storknað blóð. Lateralt við það var eins og fjögur lítil grunn sár sem gætu verið ný eða gömul. Það var grunnt fleiður á lat mall hægra megin alveg ferskt. Á vinstri legg var rautt merki í húðinni sem leit út eins og gamalt ör.

Samkvæmt álitni læknisins voru einu nýju áverkanir sem kærði gæti hugsanlega hafa haft af völdum annarra grunnar rispur á utanverðum vinstri upphandlegg, rautt mar á síðu rétt undir vinstri holhönd og fleiður á utanverðum hægri ökkla. Um mjög litla áverka væri að ræða sem ekki væru þesslegir að einhver annar hefði virkilega ætlað að gera honum eitthvað til miska. Hins vegar væru mjög áberandi blóðslettur á andliti og höndum sem varla gætu hafa komið frá honum þar sem hann væri ekki með nein opin blæðandi sár. Einnig væru miklar bólgur og roði á hnúasvæðum á báðum höndum eins og hann hefði verið að kýla eitthvað eða einhvern með báðum höndum. Hvort tveggja bendi til að hann hafi valdið öðrum skaða.

Unnin var réttarlæknisfræðileg matsgerð á áverkum ákærða af R réttarlækni, dags. 29. júní 2022. Var matið unnið upp úr 27 ljósmyndum af ákærða. Í niðurstöðu matsins kemur fram að húð ákærða, sérstaklega á herðum, baki, bringu, upphandleggjum og í andliti, hafi verið haldin miklum óhreinindum eða og [...] og sáramyndanir hafi verið til staðar vegna þess. Tvær húðblæðingar hafi verið á hægri úlnlið, litabreyting á vinstri úlnlið, tvær yfirborðskenndar skrámur á vinstri upphandlegg og skráma á utanverðum hægri ökkla. Ekki hafi verið hægt að greina frekari áverka með vissu, en á myndunum hafi mátt sjá talsvert blóðkám, sérstaklega í andliti og á höndum. Blóðkám af þessu tagi geti hulið mögulega undirliggjandi áverka. Æskilegt hefði verið að taka einnig myndir af hinum grunaða eftir að blóðslettur og blóðkám hefði verið þvegið burtu. Húðblæðingarnar á hægri úlnlið hafi verið ferskar og hafi orðið til við vægan sljóan kraft. Útlit þeirra og staðsetning bendi til þess að þær hafi orðið til við núning og/eða að húðin hafi komið í klemmu, t.d. við notkun handjárna. Litabreytingin á vinstri úlnlið hafi verið fersk og hafi orðið við vægan sljóan kraft. Útlit hennar og staðsetning bendi til að um sé að ræða húðroða eða yfirborðskennda skrámu sem orðið hafi til við núning eða skröpun húðarinnar gegnt hörðum hlut með takmarkað yfirborð, t.d. við notkun handjárna. Skrámurnar á vinstri upphandlegg hafi verið eldri, nánast grónar, og hafi orðið til við vægan sljóan kraft. Útlit þeirra geti skýrst af klóri, t.d. eftir neglur, gróður eða skarpan hlut. Skráman á hægri ökkla hafi verið fersk og hafi orðið til við vægan sljóan kraft í formi skáhallrar skrapandi ákomu húðarinnar gegnt hörðu eða hrjúfu yfirborði. Ekki hafi verið um lífshættulega áverka að ræða og megi gera ráð fyrir að þeir grói án varanlegra meina.

Í skýrslu réttarlæknanna S og R vegna útvíkkaðrar réttarkrúfningar, dags. 14.

október 2022, greinir að við tölvusneiðmyndarrannsókn á líki A hafi m.a. komið í ljós útbreiddar innanskúmsblæðingar á heilanum, brot í andlitsbeinagrindinni, breyting í skjaldbrjóskinu og dreifðar íferðir í lungum. Við skoðun hafi sést miklir áverkarnir, einkum á höfði og hálsi. Við réttarefnafræðilega rannsókn hafi komið í ljós að etanól í útæðablóði hafi reynst 2,29% og 2,88% í þvagi, en engin lyf eða fíkniefni hafi fundist við skimun. Þess megi vænta að etanól í þessum styrk valdi mikilli ölvun með mögulegum áhrifum á samhæfingu, dómgreind, viðbrögð og árvekni.

Áverkum á hinum látna er lýst þannig [Nánari lýsing á áverkum úr skýrslu réttarlækna].

Heildarmynd áverkanna bendi sterklega til þess að hinum látna hafi verið veittir áverkarnir af öðrum manni og að árásin hafi fyrst og fremst beinst að höfðinu og hálsinum í formi margra steyta gegnt andlitinu og hálsinum og að hinn látni hafi að einhverju leyti reynt að verjast árásinni með því að bera fyrir sig efri útlimina. Rannsóknarniðurstöðurnar bendi sterklega til þess að dánarorsökin hafi verið höfuðáverkinn með kjölfarandi umfangsmikilli innanskúmsblæðingu og að áverkinn á andlitið og hálsinn hafi torveldað öndun og þannig verið samverkandi að dauðanum. Niðurstöðurnar bendi þannig sterklega til þess að hinn látni hafi verið sviptur lífinu af öðrum manni.

Þann 26. júlí 2022 voru sýni vegna málsins send til DNA-greiningar hjá Nationellt Forensiskt Centrum í Svíþjóð. Um var að ræða sýni sem voru varðveitt við vettvangsrannsókn að [...] og við réttarlæknisskoðun á ákærða, ásamt sýnum af fatnaði ákærða og hins látna. Með sýnunum voru send samanburðarsýni frá ákærða og hinum látna. Alls voru 56 sýni send til rannsóknar, 20 sýni úr fatnaði ákærða, fimm sýni sem varðveitt voru við réttarlæknisskoðun á ákærða, 15 sýni úr fatnaði hins látna, tíu sýni sem varðveitt voru við vettvangsrannsókn og sex sýni úr hettupeysu sem haldlögð var á vettvangi. Við frumrannsókn var staðfest að blóð var til staðar í öllum sýnum og voru þau þá rannsökuð áfram og greind með DNA-greiningaraðferðum.

Greiningar á þeim 20 sýnum sem varðveitt voru við rannsókn á fatnaði ákærða, sex úr stuttermabol, sex úr stuttbuxum og átta af skóm, leiddu í ljós að í tveimur sýnum af bol, fjórum af stuttbuxum og sex af skóm kom fram eitt DNA-snið og var það snið eins og DNA-snið hins látna. Í þremur sýnum úr bol og tveimur úr stuttbuxum kom fram blanda DNA-sniða frá a.m.k. tveimur einstaklingum. Það DNA-snið sem var í meirihluta í þessum sýnum var eins og DNA-snið hins látna. Það snið sem var í minnihluta í sýnunum var eins og DNA-snið ákærða. Í einu sýni af bol og tveimur sýnum af skóm kom fram blanda DNA-sniða frá a.m.k. tveimur einstaklingum. Það DNA-snið sem var í meirihluta í þessum sýnum var eins og DNA-snið hins látna. Það snið sem var í minnihluta í sýnunum var ekki unnt að samkenna við einstakling.

Fimm sýni voru varðveitt við réttarlæknisskoðun á ákærða. Greiningar á þeim leiddu í ljós að í þeim var blanda DNA-sniða frá a.m.k. tveimur einstaklingum. Það DNA-

snið sem var í meirihluta í þessum sýnum var eins og DNA-snið hins látna, en það snið sem var í minnihluta var eins og DNA-snið ákærða.

Fimmtán sýni voru varðveitt úr fatnaði hins látna, fimm úr skyrtu, sex úr buxum og fjögur úr sokkum. Greiningar á sýnunum leiddu í ljós að öll sýnin höfðu sama DNA-snið og var það snið eins og DNA-snið hins látna.

Tíu sýni voru varðveitt við vettvangsrannsókn að [...]. Greiningar á sýnunum leiddu í ljós að öll sýnin höfðu sama DNA-snið og var það snið eins og DNA-snið hins látna.

Sex sýni voru varðveitt við rannsókn á hettupeysu, sem haldlögð var við vettvangsrannsókn að [...]. Greiningar á sýnunum leiddu í ljós að í fimm sýnum kom fram blanda DNA-sniða frá a.m.k. tveim einstaklingum. Það DNA-snið sem var í meirihluta í sýnunum var eins og DNA-snið hins látna. Það DNA-snið sem var í minnihluta í sýnunum var eins og DNA-snið ákærða. Í sjötta sýninu kom einnig fram blanda DNA-sniða frá a.m.k. tveim einstaklingum. Það DNA-snið sem var í meirihluta í sýninu var eins og DNA-snið hins látna. Það DNA sem var í minnihluta í þessu sýni var ekki unnt að samkenna við einstakling.

Undir rannsókn málsins var U geðlæknir dómkvaddur til að meta hvort ákærði hefði verið sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á verknadarstundu eða eftir atvikum hvort ástand hans hefði verið þannig að 16. gr. sömu laga ætti við. Þá var þess óskað að lagt yrði mat á geðrænt heilbrigði ákærða og hvort refsing gæti borið árangur, sbr. 16. gr. laganna, og að lokum að lagt yrði mat á, ef 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga ætti við, hvort nauðsynlegt væri vegna réttaröryggis að gerðar skyldu ráðstafanir til að varna því að háski yrði af ákærða með því að hann sætti öruggri gæslu eða hvort beita skyldi vægari ráðstöfunum eða vistun á hæli, sbr. 62. og 63. gr. almennra hegningarlaga. Í niðurstöðu skýrslu matsmannsins, dags. 8. júlí 2022, kemur fram að ákærði sé [...], [...] karlmaður sem hafi búið með [...] sinni um árabil í húsi með [...]. Hann eigi fáa vini og hafi verið sérkennilegur í háttum, einrænn og með sérstök áhugamál. Fæðing, talþroski og hreyfiþroski hafi virst eðlileg og skólaganga hafi gengið vel til að byrja með. Á grunnskólaaldri hafi komið fram minnkuð hæfni til að eiga samskipti við aðra og ákærði auðveldlega festst í ákveðnum málum. Miklar deilur hafi verið [...] vegna [...] og [...] sem hafi staðið í mörg ár og hafi [...] og fleiri aðilar blandast inn í málið. Ákærði hafi talað við sálfræðing í nokkur skipti sem hafi viljað senda hann í frekari athugun á [...] vegna gruns um að hann kynni að vera [...] en [...] ákærða muni hafa komið í veg fyrir það. [...], hafi verið sérkennileg.

Ákærði sé áberandi reiður án þess að reiðin beinist að neinu sérstöku. Hann sé sérkennilegur og oft ógnandi í háttum. Hann hafi sparkað í dýr og lögreglan hafi þurft að hafa afskipti af honum í nokkur skipti. [...] hans hafi lýst því að ástand hans væri að einhverju leyti betra undanfarið, sérstaklega eftir að hann hafi eignast tölvuvini sem hann

hafi haft regluleg samskipti við í nokkur ár. Engin saga sé um óreglu eða lyfjamisnotkun og í endurteknum viðtölum hafi ekki verið hægt að fá fram sögu um alvarleg geðræn einkenni eins og ofskynjanir, ranghugmyndir eða truflun á hugsun, en hugsun ákærða sé mjög konkret og hann fái þráhyggjuhugmyndir um ýmsa hluti og snúi sólarhringnum við. Ef hann fari út sé það helst á næturnar. Einkenni ákærða séu um margt lík einkennum á [...] og margt bendi til að hann kynni að hafa [...]. Ekki sé hægt að fá fram nein einkenni um alvarlegan geðsjúkdóm eins og geðklofa eða sjúkdóma af því tagi. Greind virðist vera eðlileg metin í klínísku viðtali.

Daginn fyrir atvikið hafi [...] ákærða verið lögð inn á sjúkrahús. Ákærði líti á atburðinn sem sjálfsvörn, hann hafi eingöngu verið að verja sig og sé með tortryggis-hugmyndir gagnvart nágrönnunum.

Það er niðurstaða matsmannsins að ákærði hafi ekki á verknaðarstundu verið haldinn neinum þeim einkennum sem talin eru upp í 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Athæfi hans hafi verið um margt sérkennilegt en ekkert sem líkist því sem talið sé upp í ákvæðinu. Matsmaðurinn hafi í upphafi haft efasemdir um að refsing gæti borið árangur, sbr. 16. gr. almennra hegningarlaga. Það mat hafi breyst, ekki síst vegna þess að ákærði hafi staðið sig vel í fangelsinu. Hann hafi mikil samskipti við samfanga sína, sem reyndar séu ekki margir, og virðist una glaður við sitt. Það sé því mat matmannsins að sannist sök á ákærða sé ekkert sem komi í veg fyrir að refsing geti borið árangur.

Þann 25. ágúst 2022 voru geðlæknarnir V og W dómkvaddar sem yfirmatsmenn til að gera geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Í matsgerð þeirra, dags. 30. janúar 2023, kemur fram að ákærði hafi sýnt góða samvinnu í viðtölum og góð samsvörun hafi verið milli sálfræðilegra prófa og skoðunar matsmanna og heimilda, en yfirmatsmenn fengu AA sálfræðing sér til aðstoðar við að gera sálfræðilegt mat á ákærða.

Í yfirmatsgerðinni kemur fram að ákærði hafi ekki átt við alvarlegan geðsjúkdóm að stríða um ævina. Ekki hafi komið fram neinar vísbendingar um geðrof í sögu hans eða í gögnum málsins eða einkenni sem bendi til alvarlegs geðsjúkdóms, þ.e. geðrofs-sjúkdóms eins og geðklofa eða geðhvarfa. Ekki hafi komið fram geðrofseinkenni við skoðun læknis strax eftir atburð eða í viðtali við undirmatsmann. Þá hafi ekki komið fram merki um alvarlegan geðsjúkdóm í viðtölum yfirmatsmanna eða í viðtali AA sálfræðings við ákærða. Ákærði sé því ekki haldinn alvarlegum geðsjúkdómi og hafi ekki verið með einkenni um alvarlegan geðsjúkdóm á verknaðarstundu.

Ákærða sé lýst sem ljúfu barni, en sérstöku. Hann hafi alltaf verið einrænn. Á unglingsaldri hafi hann breyst og orðið reiður, ógnandi og jafnvel ofbeldisfullur. Hann hafi beitt [...] og [...] ofbeldi og [...] hafi slitið sambandi við hann vegna þess. Hann hafi sýnt viss merki um [...] eftir [...] ára aldur, en uppfylli þó ekki greiningarskilmerki fyrir þá [...]. Þannig hafi komið fram vísbendingar um [...] í matinu.

Ákærði hafi átt við [...] vanda að stríða á tímabili um ævina. Hann hafi sjálfur

lýst tímabili um [...] ára aldur, sem hafi staðið yfir í eitt ár, þar sem hann hafi fundið fyrir [...]. Hann hafi verið metinn af sálfræðingi [...] sem hafi talið hann, auk [...], vera með [...]. Að öðru leyti hafi hann ekki þegið þjónustu heilbrigðiskerfisins vegna geðræns vanda. Hann hafi verið með einkenni um áfallastreitu eftir atburðinn, en uppfylli ekki viðmið um áfallastreituröskun, hvorki nú né um ævina. [...] hans hafi sagt frá [...] fyrir um ári síðan. Vísbendingar séu þannig um að ákærði kunni að hafa átt við [...] að stríða sem unglingur og mögulega á síðustu árum. Ekki sé nein saga um áfengis- eða vímuefnanotkun, sem sé staðfest bæði af honum sjálfum og aðstandendum.

Ákærði hafi meðalgreind. Niðurstöður greindarprófs sem lagt hafi verið fyrir af AA sálfræðingi sýni eðlilega greind og samræmist það niðurstöðum greindarmats sem gert hafi verið árið [...]. Ákærði hafi verið heilsuhraustur um ævina. Hann hafi sagt frá því að hafa fengið höfuðhögg við [...] ára aldur og misst stuttlega meðvitund, en hann hafi þó ekki leitað til læknis. Hann hafi ekki sögu um heilasjúkdóma.

Ákærði hafi verið einrænn sem barn og sérstakur. Hann hafi átt féлага en liðið best með einum vini í einu. Honum hafi ekki líkað ímyndunarleikir. Hann eigi erfitt með að lesa í félagslegar aðstæður, standi of nálægt fólki og spyrji óviðeigandi spurninga. Hann sé að mörgu leyti mjög reglufastur, borði mjög einhæft og alltaf sama matinn og vilji hafa hlutina á sömu stöðunum. Hann gangi mikið um, bæði inni og úti. Hann hafi sérkennileg áhugamál sem hann verði mjög upptekinn af, t.d. líkamsgerð fólks og sögu bygginga. Hann hafi engan húmor fyrir sjálfum sér, sé mjög bókstaflegur og skilji ekki kaldhæðni. Hann hafi upplifað sig sem utan gátta. Hann sýni merki um [...], bæði í skoðun hjá sálfræðingi og í viðtölum við yfirmatsmenn. Það séu því sterkar vísbendingar um [...].

Ákærði eigi sögu um ofbeldi. Hann hafi sýnt reiði, ógnandi hegðun og ofbeldisfulla í garð [...], [...] og annarra. Hegðun hans hafi verið sérstaklega erfið eftir grunnskólann. Hann hafi fengið skilorðsbundinn dóm vegna líkamsárásar sem hafi átt sér stað árið 2019. Þá hafi lögregla verið kölluð á heimilið til [...] í maí 2020 vegna ógnandi hegðunar og ofbeldis.

Ákærði hafi átt mjög erfiða æsku sem hafi einkennst af [...], sem áttu við [...] að stríða. Hann hafi ekki fengið það uppeldi og atlæti sem hann hefði þurft til að geta lært að lifa með [...] sinni. Hann hafi því ekki náð að þroska eðlileg félagsleg tengsl og færni. Líklegt sé að þetta hafi gert það að verkum að hann hafi orðið reiður, brugðist við aðstæðum með ofbeldi og einangrað sig meira og meira frá umheiminum í gegnum árin. Eftir grunnskóla hafi hann lítið verið utan heimilis og verið meira eða minna óvirkur. Tilraunir [...] til að koma honum í virkni gegnum félagsþjónustuna hafi ekki gengið. [...] virðist hafa komið í veg fyrir að ákærði fengi frekari greiningu og aðstoð vegna erfiðleika sinna snemma á unglingsárum og hafi ekki verið tengdur félagslega kerfinu eða heilbrigðiskerfinu um ævina. Tengslanet hans sé mjög lítið í dag. Sú staða sem matspoli

hafi verið í þegar atburðurinn hafi átt sér stað sé að mati yfirmatsmanna sambland af einkennum um [...] og mikilli [...] alla tíð. Ákærði þekki og skilji reglur og lög samfélagsins og muninn á réttum og röngum athöfnum.

[...] ákærða hafi veikst alvarlega og þurft á sjúkrahúsinnlögn að halda tveimur dögum fyrir atburðinn. Ákærði hafi haft áhyggjur af [...] sinni og jafnvel talið hana geta dáíð. Hann hafi séð fyrir sér að þá þyrfti hann að flytja til [...] síns og ekki litist vel á það. Hann hafi sofið lítið dagana fyrir atburðinn. Hann hafi einnig lent í deilum við nágranna sinn fyrir sama sólarhringinn og lögregla hafi haft samskipti við hann tvisvar sinnum. Líklegt sé að þessir álagspættir hafi sett mark sitt á ákærða, hann hafi verið mjög þreyttur og illa upplagður eða í ójafnvægi þegar atburðurinn hafi orðið.

Líklegt sé að ákærði hafi upplifað heimsókn hins látna í íbúðina sem ógn og því brugðist harkalega við. Hann hafi talið sig vera að verja sig, hann þyrfti að ná yfirhöndinni svo hann yrði ekki sjálfur fyrir skaða. Í viðtölum við ákærða hafi ekki komið fram ásetningur um að drepa fórnarlambið. Hann hafi ekki átt von á því að verða honum að bana og hafi verið mjög brugðið þegar hann hafi verið upplýstur um það.

Ákærði sýni eftirsjá eftir verknaðinn og taki ábyrgð á því sem hafi gerst á þann hátt að hann hafi veitt hinum látna höfuðhögg sem hafi leitt til dauða hans, þótt hann telji sig ekki ábyrgan fyrir upphafi slagsmálanna. Hann sjái eftir atburðinum og óski þess að hann hefði aldrei orðið. Hann hugsar einnig um fólkið í kringum hinn látna, telji atburðinn hafa valdið aðstandendum skaða og vildi geta bætt úr því. Hann sýni klárlega iðrun, óski sér að geta beðið þau fyrirgefningar og óski þeim alls hins besta.

Eftir að ákærði hafi verið fangelsaður á [...] hafi félagsleg færni hans og áhugi á að tengjast öðru fólki eflst. Hann hafi náð að tengjast [...] aftur og sé í daglegu símasambandi við þær. Hann hafi sýnt áhuga á að bæta sig í félagslegum samskiptum, hann hafi leitað til bæði fangavarða og [...] sinna um stuðning og taki leiðsögn. Það hafi gengið vel hjá honum að fóta sig í fangelsinu. Þar hafi ekki orðið neinir árekstrar og hann hafi ekki sýnt af sér reiði eða ofbeldiskennda hegðun.

Það er niðurstaða yfirmatsmanna að ákærði hafi verið sakhæfur á verknaðarstundu skv. 15. gr. almennra hegningarlaga. Hann sé ekki með geðsjúkdóm og ekkert í sögu hans bendi til þess að hann hafi átt við alvarlegan geðrænan vanda að stríða um ævina eins og geðrof eða geðrofssjúkdóm, hvorki fyrir atburð, á meðan á honum hafi staðið né eftir hann. Ekki hafi komið fram merki um andlegan vanþroska, hrörnun eða rænuskerðingu af þeirri gráðu að það firri hann ábyrgð gerða sinna. Þá hafi hann ekki verið undir áhrifum áfengis á verknaðarstundu. Ákærði hafi eðlilega greind. Yfirmatsmenn telja 16. gr. almennra hegningarlaga ekki hafa átt við á verknaðarstundu og ekki heldur eiga við nú. Ákærði sé að öllum líkindum með [...] og glími við afleiðingar erfiðrar æsku sem hafi einkennst af [...]. Hann hafi þróað með sér viss einkenni [...] en þekki muninn á réttu og röngu og sýni iðrun eftir verknaðinn. Hann

bæði geti og vilji bæta sig. Dvöl ákærða á [...] virðist hafa gengið vel skv. honum sjálfum, aðstandendum og fangavörðum. Hann virðist bregðast vel við þeirri reglu og rúttínu sem sé í fangelsinu þar sem hann verði einnig að vera í samskiptum við annað fólk. Hann sýni því áhuga að læra að umgangast aðra, leiti eftir og taki vel í leiðbeiningar varðandi t.d. persónuleg þrif og samskipti. Honum hafi ekki liðið sem best í upphafi dvalar en líðan hans virðist betri eftir því sem liðið hafi á gæsluvarðhaldstímum. Vísbendingar séu um að hann þrífist betur nú félagslega en fyrir atburðinn. Mjög mikilvægt sé að ákærði fái þjálfun í félagsfærni til að undirbúa hann undir lífið í fangelsi og utan þess. Ákærði eigi erfitt með að þekkja tilfinningar sínar og því sé mikilvægt að hann fái meðferð sem miði að því að hjálpa honum að þekkja tilfinningarnar og tjá þær á viðeigandi máta.

Í sálfræðilegri matsgerð vegna ákærða sem unnin var af AA sálfræðingi, að ósk yfirmatsmanna, dags. 30. nóvember 2022, kemur fram að ákærði hafi alist upp við [...] og mikla erfiðleika á [...]. Honum hafi [...]. Hann hafi átt vini en haft fá áhugamál. Hann lýsi sér sem „introvert“ og hafi lítinn áhuga á félagslegum samskiptum þótt hann sé mjög fær í þeim. Ákærði hafi takmarkaða vinnusögu og hafi flosnað upp úr skóla snemma á menntaskólaaldri. Síðan þá hafi hann að mestu verið heima við. Hann búi með [...] sinni, eigi ekki vini og tengist fáum utan nánustu fjölskyldu. Hann segist helst umgangast [...] sína og aldraða [...] og [...]. Hann hafi fá áhugamál, hlusti á tónlist og fari í langa göngu-túra. Hann sé við góða heilsu, drekki ekki og reyki ekki. Þá hafi hann ekki notað fíkniefni eða lyf.

Við skoðun sé hann frekar eintóna í tali, formfastur og vantar alla gagnkvæmni í samskiptum. Hann virki frekar tortrygginn, spyrji margra spurninga um matið og prófin og alls konar hluti og hafi sýnt sérstaka hegðun með því að vilja hafa ljósin slökkt og glugga læsta. Ekki hafi komið fram geðræn einkenni í viðtali, hann hafi verið vel áttaður og skilið aðstæður vel. Frammistaða ákærða á greindarprófum hafi almennt verið innan eðlilegra marka og ekki hafi komið fram taugasálfræðilegir veikleikar. Sjálfsmatspróf og greiningarviðtal varðandi möguleg einkenni á [...] ákærða hafi verið gerð en að auki hafi ákærði verið spurður ítarspurninga í viðtali. Samkvæmt eigin svörum hans hafi fá einkenni á [...] komið fram en hann hafi hins vegar uppfyllt viðmið fyrir [...] greiningarviðtali. [...] hans hafi einnig metið [...] á spurningalista og hafi þær metið einkenni töluvert yfir viðmiðum. Það sama hafi komið fram í viðtali við þær, en margt af lýsingum þeirra bendi til [...] vegna [...] í æsku. Töluvert misræmi sé í því hvernig ákærði lýsi sjálfum sér og hvernig [...] hans upplifi hann, sérstaklega hvað varði félagslega hæfni.

Mikil áföll í æsku geti orsakað persónuleikaröskun en þau orsaki ekki [...]. Flestir á [...] með eðlilega greind hafi mikinn áhuga á samskiptum og að stofna til ástarsambands en geti fundist það sér ofviða. Einstaklingar með [...] hafi raunverulega

takmarkaðan áhuga á tengslum við aðra og passi það við lýsingu ákærða á sjálfum sér. Einstaklingar [...] hafi oftast mikinn áhuga á þröngu eða sérstöku áhugamáli en einstaklingar með [...] hafi fá eða engin áhugamál. Megi þar nefna að ákærði hafi fá áhugamál og hafi ekki haft mikinn áhuga á að útskýra fyrir matsmanni áhugamál sín sem sé í raun mjög ólíkt einstaklingi [...]. Flestir á [...] hafi einhvers konar endurtekna hegðun, röðunaráráttu og rútínu sem megi ekki breyta, en óvíst sé hvort það eigi við um ákærða. Þá þyrfti að skoða betur skynúrvinnsluvanda sem fylgi oft hjá einstaklingum [...], m.a. hvað varði sjón, hljóð, lykt og áferð. Einnig megi nefna að einkenni á [...] séu sjáanleg frá unga aldri sem passi við lýsingar [...] hans en [...]. byrji að koma fram við unglingsaldur eða snemma á fullorðinsaldri.

Ljóst sé að ákærði hafi verið [...] frá upphafi en hann hefði mögulega orðið að mestu eðlilegur ef hann hefði fengið [...]. Persónuleiki hans hafi breyst mikið upp úr tánings- eða unglingsaldri. [...] hans hafi lýst [...], [...]. Slíkar uppeldisaðstæður hafi gríðarleg áhrif á þroska barna og þá sérstaklega hvað varði tengslamyndun, félagslega færni og tilfinningastjórn. Það sé því mögulegt að ákærði hafi í grunninn einkenni á [...] og uppeldisaðstæður hafi síðan orsakað miklar breytingar á persónuleika hans. [...] hans lýsi þessu þannig að hann hafi verið ljúft og gott barn en vegna slæmra aðstæðna hafi hann breyst mikið, orðið reiður og ofbeldishneigður og viðhorf hans andfélagsleg. Félagsleg aðlögun sé því slök, tilfinningastjórn slök og tengslamyndun við aðra verulega takmörkuð. Vegna misræmis í hvernig ákærði lýsi sjálfum sér og hvernig [...] hans lýsi honum sé erfitt að setja fram nánari greiningu á vanda hans. Mismunagreining sé mikilvæg og útiloka þurfi alvarleg geðræn veikindi til að fá endanlega greiningu. Þá þurfi að meta sérstaklega mögulegt [...] eða [...] og svo afleiðingar endurtekinnna og langvinnra áfalla. Einstaklingar [...] geti líka greinst samhliða með [...] og séu vísbendingar um að slíkt eigi við um ákærða.

### **Framburður ákærða og vitna fyrir dómi**

*Ákærði* kvaðst hafa verið að horfa á sjónvarpið heima hjá sér klukkan korter yfir sjö umræddan dag þegar barið hefði verið harkalega að dyrum. Hann hefði opnað dyrnar lítillega og séð nágretta sinn úr kjallaranum standa fyrir utan. Hann hefði kannast við manninn en aldrei átt samskipti við hann áður. Hann hefði ekki treyst sér til að opna dyrnar að fullu vegna hávaðans í bankinu. Brotapoli hefði þó stigið inn með annan fótinn og sagt að nú þyrftu þeir að ræða saman. Þá hefði hann opnað dyrnar upp á gátt og ýtt brotapolu út. Það hefði lagst illa í brotapola sem hefði þá slegið hann fjórum sinnum hægra megin á hökuna. Í kjölfarið hefðu þeir slegist og fallið niður á stigapallinn fyrir neðan. Þar hefði hann legið á bakinu en þeir haldið áfram að slást og fallið áfram niður að stigapallinum við miðhæðina. Stigagangurinn væri þröngur þannig að erfitt væri að ná góðu höggi þar. Hann hefði því skallað brotapola tvisvar sinnum. Brotapoli hefði

beygt sig fram og reynt að taka um fætur hans til að tækla hann en ákærði hefði þá veitt honum hnéspark í andlitið. Brotapoli hefði rífið í fót hans þegar hann hefði hrint honum niður og hann hefði því lyft handleggjunum upp þannig að hann hefði farið úr hettupeysunni. Hann hefði ákveðið að fara líka úr stuttermabol sem hann hefði verið í þar sem hann hefði talið að hann ætti bestar líkur á að verja sig þannig. Hann taldi að þarna hefði hann veitt brotapolu mestu áverkana, m.a. nefbrotið hann. Brotapoli hefði staðið kyrr á stigapallinum í smástund en hefði síðan farið að slá út í loftið. Brotapoli hefði lítið hitt ákærða en brotapoli hefði verið reiður og vígalegur og ákærða staðið ógn af honum. Hann hefði þá reynt að slá brotapolu með vinstri hendi en ekki hitt, þannig að hann hefði neyðst til að sparka í magann á honum. Brotapoli hefði reynt að taka um hægri fót hans og tækla hann, þannig að hann hefði haldið brotapolu niðri. Síðan hefði honum tekist að opna dyrnar út og koma brotapolu út fyrir með því að „hrófla“ honum til. Þeir hefðu báðir farið niður stigann með sama hætti. Hann hefði gripið í skyrtu brotapolu og „hróflað“ honum eins og dyraverðir geri. Þeir hefðu farið upp að kerru sem þar hefði verið og þar hefðu slagsmálin haldið áfram. Þau hefðu verið mjög „agressív“ og mikil spenna í þeim. Brotapoli hefði staðið í fæturna og tekið skref að honum. Ákærði hefði orðið hræddur við hann svo hann hefði aftur sparkað í magann á honum og slegið hann með vinstri hendi í kjálkann og náð að rota hann. Brotapoli hefði fallið í jörðina við þetta högg en ákærði hefði ekkert gert við hann eftir það. Að svo búnu hefði ákærði hlaupið upp í íbúðina sína til að ná í símann sinn. Hann hefði svo farið aðra ferð upp að sækja stuttermabol. Hann hefði séð að brotapoli var illa farinn og því hringt á neyðarlínu og beðið eftir lögreglu.

Ákærði kvaðst hafa verið illa sofinn þennan dag og mjög þreyttur en hann hefði verið að snúa sólarhringnum við. Hann hefði einnig haft áhyggjur af [...] sinni sem hefði verið lögð inn á sjúkrahús. Hann hefði því ekki verið í góðu ástandi til að takast á við þessa atburði. Hann hefði fyrst orðið hissa við heimsókn brotapolu en síðan orðið hræddur við hann, enda hefði brotapoli verið eldri og þroskaðri. Brotapoli hefði virst edrú en æstur. Hann hefði tengt þessa heimsókn við ágreining milli hans sjálfs og íbúa á miðhæð hússins, sem hann teldi leggja sig í einelti. Hann skoraðist þó undan því að tjá sig um samskipti við íbúa á miðhæðinni þennan sama dag. Hann kvaðst hafa fengið blóðnasir í átökunum inni í húsinu en hann gat þó ekki greint nákvæmlega hvenær það hefði gerst, en auk þess hefði hann fengið tannpínu og verið blóðugur um varirnar.

Þegar bornar voru undir ákærða fyrri lýsingar hans á atvikum hjá lögreglu kvaðst hann hafa verið illa sofinn og illa fyrirhallaður fyrst eftir atvikið sem skýrði það að hann hefði ekki greint alveg rétt frá. Að auki hefði hann nýlega fengið fréttir af andláti brotapolu og verið mjög brugðið. Þá taldi hann endurritun af skýrslutökum ekki alveg rétta. Um væri að ræða Microsoft Word-pappíra sem hefðu verið „editaðir“ þannig að orðum væri breytt og setningar færðar til. Að öðru leyti vildi hann ekki tjá sig um misræmi í

framburði sínum. Þegar borin var undir hann myndbandsupptaka af samtali við lögreglu-  
menn, þar sem hann dvaldi í fangaklefa eftir atvikið, kvaðst hann ekki hafa lýst atvikinu  
rétt en hann hefði verið afar þreyttur og ruglaður í ríminu. Spurður um framburð sinn hjá  
lögreglu um prímatískt eðli lýsti hann því að hann hefði verið sérstaklega varkár þar sem  
þetta hefði átt sér stað heima hjá honum. Spurður um blóðuga dæld í grasinu lýsti ákærði  
því að grasflötin væri léleg og þar væru fleiri holur.

Vitnið *M*, nágrenni ákærða að [...], bar um að hann hefði verið að grilla  
kvöldmatinn vestan við húsið þegar hann hefði heyrt mikinn skarkala úr húsinu við  
hliðina á, númer [...]. Þetta hefðu verið einhvers konar dynkir, en hann hefði ekki áttað  
sig á hvað þetta væri. Hann hefði farið suður fyrir hús til að reyna að sjá hvort eitthvað  
væri um að vera, en hann hefði ekki séð neitt. Hann hefði þá farið til baka og farið inn í  
húsið til að sækja eitthvað. Hann hefði farið aftur út örskömmu síðar og þá séð tvo menn  
fyrir utan húsið númer [...]. Hann hefði ekki áttað sig á því hverjir þeir væru. Annar hefði  
legið hreyfingarlaus á jörðinni á bakinu og hinn staðið yfir honum og stappað á  
brjóstkassanum á honum af nokkru afli. Hann hefði séð þetta gerast nokkrum sinnum.  
Honum hefði virst sem brjóstkassinn á þeim sem legið hefði á jörðinni hífðist þannig að  
hann hefði virst anda. Hann hefði strax hlaupið inn og beðið [...] sína um að hringja í  
lögregluna þar sem þarna væri líkamsárás í gangi. Hann hefði svo farið út aftur og þá séð  
að brjóstkassi mannsins á jörðinni virtist vera hættur að hreyfast. Hann hefði þá hlaupið  
inn aftur og beðið [...] sína að passa að það kæmi sjúkrabíll líka því honum sýndist að  
það væri verið að drepa mann. Hann hefði farið út á ný og tekið saman það sem var á  
grillinu og þá séð manninn sem hefði verið að stappa á hinum ganga í kringum hann og  
sparka eða dangla í höfuðið á honum með fætinum. Maðurinn hefði gert þetta nokkrum  
sinnum og virst beita einhverju afli en þó ekki mjög miklu. Maðurinn hefði verið með  
síma á lofti og virst vera að taka myndir, senda skilaboð eða hringja. Vitnið hefði þá farið  
inn og fylgst með þaðan þar til lögreglan hefði komið og handtekið gerandann.

Vitnið *N* kvaðst hafa verið að horfa á fréttirnar þegar [...] hennar hefði komið  
hlaupandi inn frá því að grilla og beðið hana um að hringja í lögreglu þar sem það væru  
átök fyrir framan [...]. Hann hefði fljótlega komið aftur hlaupandi inn og beðið hana um  
að láta vita að þörf væri á sjúkrabíl vegna þess að hann héldi að það væri verið að drepa  
mann. Hún hefði gert þetta og hlaupið upp á efri hæð inn í svefnherbergi þaðan sem hún  
hefði séð yfir bílplanið á [...]. Þar hefði hún séð hreyfingarlausan mann liggjandi á  
jörðinni og mann að sparka mörgum sinnum af afli í höfuðið á honum og efsta hluta  
líkamans. Hún hefði átt erfitt með að horfa á þetta og hefði hörfað frá glugganum.  
Lögreglan og sjúkralið hefðu svo komið mjög fljótlega og gerandinn hefði verið  
handtekinn.

Vitnið *O* kvaðst hafa heyrt á tal [...] sinna um að eitthvað gengi á og farið og litið  
út um glugga. Hann hefði þá séð mann sparka eða pota með fótunum í liggjandi mann.

Maðurinn sem hefði legið hefði verið hreyfingarlaus. Hann hefði séð að sá sem sparkaði hefði verið með símann á lofti og minnti að hann hefði verið ber að ofan. Hann hefði ekki séð nákvæmlega hvar spörkin hefðu lent og ekki horft lengi á þetta. Hann hefði svo séð lögreglu koma og handtaka þann sem hefði staðið yfir liggjandi manningum.

Vitnið *P*, íbúi á miðhæð hússins að [...], lýsti líkamsárás sem hann kvaðst hafa orðið fyrir af hendi ákærða um miðnætti aðfaranótt 4. júní 2022. Hann hefði verið að ganga upp tröppur utan við húsið er útidyrnar hefðu opnast upp á gátt og ákærði verið þar fyrir innan. Kvaðst vitnið hafa boðið gott kvöld en um leið fengið þungt höfuðhögg og vankast. Hann hefði spurt ákærða „hvað ertu að pæla?“ en ákærði ekki svarað. Ákærði hefði varnað honum inngöngu að íbúð hans, hringt á lögreglu og sagt að vitnið hefði ráðist á hann. Að því loknu hefði ákærði nálgast hann á ný og það hefði endað þannig að vitnið spretti á undan ákærða út [...]. Tók vitnið fram að hann hefði verið vankaður en myndi óglögg eftir að hafa hringt í [...] ákærða, sem tjáði honum að hún lægi á spítala, og svo á lögreglu, auk þess sem hann hefði hringt í [...] sína sem var inni í íbúð þeirra. Lögreglan hefði komið innan fárra mínútna og rætt við ákærða og vitnið hvorn í sínu lagi. Um nóttina hefði hávaði borist frá íbúð ákærða, eins og verið væri að færa húsgögn og kvaðst vitnið lítið hafa sofið.

Vitnið lýsti einnig atburðum laugardagsins 4. júní, m.a. samskiptum sem hann átti í skilaboðum við brotþola og staðfesti endurrit þeirra. Kvaðst hann hafa leitað aðstoðar lögreglu í þeirri von að hægt yrði að fjarlægja ákærða af heimili sínu en því hefði lyktað með því að hann sótti sjálfur nauðsynjar í íbúð sína enda hugnaðist honum ekki að gista heima hjá sér aðra nótt eftir þá árás sem hann hefði orðið fyrir. Kvaðst hann hafa upplifað úrræðaleysi og verið í andlegu áfalli eftir árásina. Vitnið lýsti samskiptum sem hann hefði átt í örfá skipti við ákærða á því eina og hálfu ári sem þeir hefðu báið búið í húsinu. Kvaðst hann ekki vita til þess að brotþoli og ákærði hefðu áður hist. Miðað við kynni sín af brotþola teldi vitnið líklegt að hann hefði aðeins viljað ræða við ákærða og sjá hvort hann gæti miðlað málum.

Alls gáfu átta lögreglumenn skýrslu fyrir dómi, þar af tveir rannsóknar-lögreglumenn, og lýstu allir aðkomu sinni að málinu. Verður hér aðeins vikið að því helsta úr framburði þeirra.

*Lögreglumenn nr. BB og nr. CC (áður cc)* báru um að hafa komið fyrst á vettvang. Ákærði hefði vísað á brotþola sem hefði legið á bak við kerru á malarplani við húsið. Fyrirnefndur lögreglumaður staðfesti frumskýrslu sína í málinu og bar að brotþoli hefði verið illa farinn í andliti, hreyfingarlaus og lífsmörk ekki til staðar. Hún lýsti legu hans með háls yfir kanti milli malarplans og grasflatar og hvernig hann hefði verið færður áður en endurlífgunartilraunir voru hafnar. Fram kom að „mjög djúp“ hola hefði verið í grasinu „akkúrat“ þar sem höfuð brotþola hefði verið og að blóð hefði verið í henni. Síðarnefndur lögreglumaður bar með sama hætti um legu brotþola er að var komið.

Hann kvaðst hafa handtekið og staðið yfir ákærða og kynnt honum réttarstöðu sakbornings. Báðir lögreglumennirnir báru að ákærði hefði verið rólegur en „óútreiknanlegur“.

*Lögreglumenn nr. DD, nr. EE (áður ee) og nr. FF* kvaðust hafa annast flutning ákærða á lögreglustöð eftir handtöku hans. *Lögreglumaður nr. DD* kvaðst hafa kynnt ákærða réttarstöðu sakbornings þegar á lögreglustöð var komið og spurt hann hvað gerst hefði. Ákærði hefði sagt að brotapolí hefði bankað hjá sér og reynt að fara inn til sín og hann hefði brugðist við með því að rota hann. Ákærði hefði virst rólegur og svolítið sérstakur í fasi, eins og hann gerði sér ekki grein fyrir alvarleika málsins. Kvaðst vitnið minnst þess að hafa rætt við hina tvo lögreglumennina um að hafa kveikt á bókmyndavélum á meðan þeir vöktuðu ákærða í klefa en ekki minnst þess að hafa gefið þeim nein fyrirmæli um að spyrja ákærða frekar út í atvik málsins. *Lögreglumenn nr. EE og nr. FF* báru um að ákærða hefði tvívegis verið kynnt réttarstaða sín sem sakbornings, fyrst í lögreglubifreiðinni og aftur í fangamóttöku. Þeim hefði verið falið að sitja yfir ákærða í klefa og hefðu haft kveikt á bókmyndavélum sínum á meðan, eins og venjulegt sé við slíkar aðstæður. Ákærði hefði lýst fyrir þeim því sem gerst hefði. Hann hefði virkað rólegur miðað við aðstæður. Þeir minntust þess ekki að þeim hefðu verið gefin fyrirmæli um að spyrja ákærða út í atvik máls, en talið hefði leiðst að þeim í langri yfirsetu, auk þess sem venjulegt sé að fá fram fyrsta framburð frá grunuðum strax á vettvangi. Töldu þeir að umrætt sinn hefði ekki gefist tími til þess á vettvangnum.

*Lögreglumaður nr. GG (áður gg)* kvaðst hafa verið í öðrum bíl á vettvangi. Hann kvaðst strax hafa áttað sig á alvarleika málsins, eftir að hafa séð hinn látna á vettvangi, og hafa ásamt öðrum annast handtöku ákærða, með því að setja á hann handjárn. Hann kvaðst reikna með að ákærða hefði verið kynnt réttarstaða sín, en hann hefði ekki annast það sjálfur. Einnig kvaðst hann hafa fært til kerru til að gefa rými fyrir endurlífgun og hafa ásamt öðrum farið um húsið til að tryggja að fleiri slasaðir væru ekki innandyrá.

Vitnið *HH, sérfræðingur í tæknideild lögreglu*, lýsti aðkomu sinni að rannsókn lífsýna og sendingu þeirra til DNA-greiningar, auk þess sem hann tók saman helstu niðurstöður þeirra. Úr fatnaði ákærða hefðu 20 sýni verið send til rannsóknar og hefði DNA-snið hins látna komið fram í þeim öllum. Í sjö sýnanna hefðu komið fram blönduð snið, í fjórum þeirra hefði verið um að ræða blöndu frá hinum látna og ákærða og hefði snið hins látna verið þar í meirihluta. Í þremur sýnanna, af skóm og stuttermabol, hefði komið fram snið sem ekki hefði verið hægt að samkenna einstaklingi. Í fimm sýnum af líkama ákærða hefði komið fram blanda af DNA-sniðum hans og hins látna þar sem snið hins látna hefði verið í meirihluta, utan þess að í sýni af hægra handarbaki ákærða hefðu hlutföllin verið nokkurn veginn jöfn. Úr fatnaði hins látna hefðu 15 sýni öll verið samkennd við hann sjálfan. Þá hefðu 10 sýni sem tekin hefðu verið við vettvangsrannsókn, bæði innandyrá og utan, öll verið samkennd við hinn látna. Loks

hefðu sex sýni úr hettupeysu sem fannst á vettvangi utandyra öll innihaldið blöndu sniða, DNA-snið hins látna hefði verið í þeim öllum og í fimm þeirra verið snið ákærða, en í einu sýni hefði verið snið sem ekki hefði verið hægt að samkenna við einstakling.

Vitnið II kvaðst hafa verið [...] hinum látna frá janúar 2020 fram að áramótum 2021. Hún hefði eitt sinn spurt hann hvernig nágrannarnir væru og þá hefði hann sagt sér að hann hefði einu sinni farið upp í risibúðina og rætt stuttlega við ákærða, út af hávaða. Henni hefði skilist að samskiptin hefðu verið létt og góð og að ákærði hefði beðist afsökunar. Hinn látni hefði alls ekki verið skapstór, hann hefði verið mikill rólyndismaður, geðgóður og diplómátískur og ólíkt honum að fara fram með æsingi.

Vitnið R *réttarlæknir* staðfesti réttarlæknisfræðilega matsgerð sína varðandi ákærða, sem hún kvaðst ekki hafa hitt heldur metið áverka hans eftir ljósmyndum. Hún kvaðst ekki hafa séð neina áverka á andliti hans á myndunum en ekki geta útilokað að áverkar hefðu leynst undir blóðslettum í andliti hans og hálsi þar sem engar myndir hefðu borist henni sem teknar hefðu verið eftir að þær blóðslettur voru þvegna af. Áverkar á úlnliðum hans væru tilkomnir vegna sljós krafts og hefðu útlit og staðsetningu sem samræmdu því að geta verið eftir handjárn. Ferskur áverki, skráma, hefði verið á utanverðum hægri ökkla. Kvaðst vitnið geta leyft sér að segja að ekki hefðu verið slíkir áverkar á ákærða að bentu til þess að hann hefði sjálfur orðið fyrir grófri árás.

Þá staðfesti hún skýrslu sína og S *réttarlæknis* um réttarkrufningu á hinum látna, dags. 14. október 2022, þar sem fram kemur að hún átti aðkomu að túlkun niðurstaðna, þótt hún hafi ekki tekið þátt í eiginlegri framkvæmd krufningarinnar [Nánari lýsing réttarlæknis á áverkum hins látna sem fram komu í skýrslu]

Spurð um túlkun á niðurstöðu um áfengismagn í hinum látna kvað hún þær niðurstöður benda til að hann hafi verið verulega ölvaður þegar atvik áttu sér stað, en ekki endilega ofurölvi eða hjálparlaus. Ölvunin hafi getað haft áhrif á árvekni hans, þannig að hann hafi ekki getað brugðist jafn rösklega við árás.

Vitnið S *réttarlæknir* staðfesti einnig fyrir dómi framangreinda skýrslu sína og R um réttarkrufningu á hinum látna. [Nánari lýsing réttarlæknis á áverkum hins látna sem fram komu í skýrslu]

Spurður um túlkun á niðurstöðum áfengismagns í hinum látna kvað vitnið að þær myndu almennt valda ölvunareinkennum, svo sem skorti á samhæfingu, þvoglumæli og skertri ákvarðanagetu, en hann tók fram að ölvun ætti ekki þátt í dánarorsök hins látna.

Vitnið Q *heimilislæknir* bar um að hafa, tilkölluð af lögreglu, úrskurðað brotþola látinn á vettvangi. Þá bar hún um réttarlæknisfræðilega skoðun sem hún framkvæmdi samdægurs á ákærða. Ákærði hefði verið samvinnuþýður og eins og hann áttaði sig ekki á alvarleika þess sem gerst hefði. Hann hefði aðallega verið með áverka á höndum, sem hefðu verið mjög blóðugar. Hnúarnir hefðu verið mjög bólgnir beggja vegna og meira á

vinstri hendi. Á fótum og fótleggjum hefði verið grunnt fleiður á öðrum ökklanum en annars engir nýlegir áverkar. Þá hefði nýtt mar verið að hlaupa upp við annan handarkrikann. Þetta tvennt, mar við handarkrika og fleiður á ökkla, hefði ekki verið miklir áverkar. Þetta gæti skýrst af ryskingum en væri vart til marks um að ákærði hefði orðið fyrir mikilli árás. Blóðslettur hefðu verið í andlitinu en sést í heila húð þar undir og engar bólgur. Kvaðst vitnið geta útilokað að sár hefðu verið þar undir.

Vitnið *U geðlæknir*, dómkvaddur matsmaður, gerði fyrir dómi nánari grein fyrir niðurstöðum matsgerðar sinnar, dags. 8. júlí 2022, um að ákærði teljist sakhæfur og að refsing geti borið árangur, sbr. 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga. Kom fram að hann hefði fyrst hitt ákærða skömmu eftir atburðinn áður en hann var dómkvaddur. Fram hefðu komið upplýsingar um að ákærði hefði alla tíð verið sérkennilegur í háttum en á unglingsárunum hefði hegðun hans orðið heldur meira sérkennileg, og hann stundum orðið ógnandi í háttum. Ákærði ætti enga sögu um óreglu eða lyfjamisnotkun og ekki hægt að fá fram neina sögu um alvarlegan geðsjúkdóm, ekki hugsanatrufnanir eða ranghugmyndir eða neitt af því tagi, en sérkennilegar þráhyggjuhugmyndir, að mörgu leyti sérkennileg áhugamál og jaðarsettar skoðanir. Mest áberandi væri hvað hann hafi verið mikið einn. Hefði læknirinn ekkert fengið fram sem líktist geðklofa eða neinu slíku, en einkenni hans minntu um margt á einstakling sem væri á [...]. Hann teldi því um að ræða blöndu af [...] og [...].

Ákærði hefði lýst atburðinum í smáatriðum og fram hefði komið að hann hefði strax verið í varnarstöðu gagnvart brotþola. Kvaðst matsmaðurinn í fyrstu hafa haft efasemdir um að refsing gæti borið árangur en skipt um skoðun eftir því sem matinu vatt fram. Ákærði taki hlutum bókstaflega, sé tortrygginn að eðlisfari og [...], með [...] en ekki beint alvarlega [...] á grunni geðrofshugmynda eða ranghugmynda.

Vitnið *AA sálfræðingur* staðfesti fyrir dómi sálfræðilega matsgerð sem hann vann að beiðni yfirmatsmanna. Hann kvað niðurstöður sínar byggðar á samtölum við ákærða og [...], auk sálfræðilegra prófa og greiningarviðtals við ákærða. Margt benti til að ákærði væri [...] og að vegna fjölskylduaðstæðna og uppeldis hefðu orðið breytingar á [...] hans sem einnig yllu vandamálum. Ákærði hefði mælst með eðlilega greind og ekkert benti til þroskavanda. Spurður um þörf mismunagreininga sem minnst er á í matsgerð hans kvaðst vitnið ekki hafa séð mat yfirmatsmanna og benti á að niðurstöður þeirra gætu gefið tilefni til mismunagreininga út frá fleiri þáttum en hann hefði gert, t.d. ef geðrofseinkenni hefðu verið fyrir hendi. Nokkuð ljóst sé að það hafi verið komin fram [...] í æsku ákærða, fyrir unglingsaldur. Vegna uppeldisaðstæðna væru líkur á því að hann hafi þróað með sér [...]. Einangrun og hegðunarvandi hafi orðið áberandi á unglingsaldri. Hann muni þurfa talsverða aðstoð vegna andlegra vandamála í refsivist.

Vitnið *W geðlæknir*, dómkvaddur yfirmatsmaður, staðfesti yfirmatsgerð sína og V geðlæknis, dags. 30. janúar 2023, og gerði nánari grein fyrir niðurstöðu sem þar kemur

fram; að ákærði teljist sakhæfur og að refsing geti þjónað tilgangi, sbr. 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fram kom að yfirmatsmenn hefðu tekið fjögur viðtöl við ákærða á rúmlega þriggja mánaða tímabili, í fangelsinu [...]. Lagðir hefðu verið fyrir hann matslistar og rætt við [...] hans og [...], auk þess sem aflað hefði verið sálfræðilegs mats. Þá hefði verið byggt á upplýsingum frá félagsþjónustu og [...]. Ákærði hefði verið samvinnuþýður, svarað vel flestum spurningum og kvaðst matsmaðurinn telja að fullnægjandi upplýsingar hefðu fengist til að geta framkvæmt matið. Mjög sterkar vísbendingar hafi komið fram um [...] þótt formlegt [...] hafi ekki farið fram. Ekki hafi komið fram merki um geðrofssjúkdóm eða nægilega skýrar vísbendingar um þróun í þá átt. Því til stuðnings nefndi matsmaðurinn að engar skýrar breytingar á hegðun hefðu komið fram strax eftir verknaðinn, svo sem búast hefði mátt við ef ákærði væri að þróa með sér geðrofssjúkdóm. Grunsemdir hefðu vaknað um einhvers konar [...] og hafi slíkt ekki verið útilokað en matsmaðurinn tók fram að þau merki gætu einnig skýrst af [...] og þeirri [...] sem hann hefði orðið fyrir í uppvextinum. Hegðunarmynd ákærða einkennist af erfiðum uppvaxtarárum með mikilli [...] sem hafi áhrif á þroska, félagsleg tengsl og hvernig maður skynjar umhverfið. Hann hafi takmarkað innsæi í líðan sína.

Í frásögn ákærða hefði komið fram að hann upplifði að brotapolí hefði verið að ráðast inn á heimili hans, hann hefði allan tímann verið hræddur og að verja sig og ekki áttað sig á alvarleika gerða sinna fyrr en hann frétti að maðurinn væri látinn. Raskanir sem ákærði glímdi við hefðu alveg örugglega haft áhrif á hvernig hann mat aðstæður og auk þess væri ekki ólíklegt að hann hafi verið í ákveðnu ójafnvægi vegna dvalar [...] sinnar á sjúkrahúsi og heimsókna lögreglu í tvígang sama sólarhringinn. Þetta andlega ástand hans útskýri að hluta hvers vegna þetta fór eins og það fór en skýri það ekki til fulls.

Ákærði hafi í viðtölum sýnt iðrun en hluti af því hafi tengst áhyggjum hans af því hvað yrði um hann sjálfan. Loks gerði matsmaðurinn grein fyrir þeirri aðstoð og meðferð sem hún teldi ákærða þurfa á að halda til að bæta samskiptahæfni sína og tilfinningastjórn.

Vitnið *V geðlæknir*, dómkvaddur yfirmatsmaður, staðfesti einnig framangreinda yfirmatsgerð sína og *W* geðlæknis og bar með sama hætti og *W* um þær niðurstöður sem þar greinir og framkvæmd matsins. Hún gerði nánari grein fyrir þeirri niðurstöðu að ekki hefðu komið fram merki um alvarlega geðsjúkdóma, hvorki í viðtölum, rannsóknargögnum né sjúkra- og félagslegri sögu þótt ákærði kynni að vera í aukinni áhættu á að greinast með slíkan sjúkdóm. Í því sambandi kom fram að ósætti hans við [...] og tortryggni í garð nágranna virtist ekki tengt ranghugmyndum eða öðrum geðrofseinkennum. Fram kom að þær *W* hefðu verið ósammála mati *AA* sálfræðings um að ákærði uppfyllti greiningarskilmerki [...] og teldu einkenni hans fyrst og fremst skýrast af [...] og [...]. Í uppvexti. Hún útskýrði að fólk með [...] tjái ekki tilfinningar

með sama hætti og annað fólk og að örðugt sé að lesa í svipbrigði þess. Ákærði hefði eðlilega greind og hefði sýnt í gæsluvarðhaldsvistinni að hann hefði áhuga á að bæta samskipti sín, hann gæti lært og bætt sig. Ekkert benti til þess að hann hefði orðið fyrir neinu minnistapi, hann virtist muna atvik vel. Endurrit lögregluþyrheyrslna gæfu til kynna að þær hefðu verið faglegar og ákærði ekki beittur neinum þrýstingi.

## Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök manndráp, með því að hafa þann 4. júní 2022 utan við heimili sitt að [...] í Reykjavík, svipt A lífi, með því að hafa fyrst beitt hinn látna ofbeldi inni á stigagangi hússins og síðan utan við húsið, þar sem hann hafi sparkað í hinn látna og kýlt og náð honum niður í jörðina. Þar sem hinn látni hafi legið á jörðinni hafi ákærði kýlt hann, sparkað og traðkað margsinnis á höfði hans, þar á meðal á andliti og brjóstkassa. Afleiðingar þessa hafi verið þær að hinn látni hlaut af húðblæðingar með undirliggjandi mjúkvefjablæðingum og merslu í andliti og hálsi, fjölbrot á neðri kjálka, kinnbeinum, nefbeinum og tungubeini, innkýlt brot í fremri kúpugróf og útbreitt heilamar, sárrifur á vinstra hvirfilsvæði, vinstra augnsvæði og neðri vör og húðblæðingar og mjúkvefjablæðingar í djúpum og grunnum vöðvum aftanverðs háls og lést af völdum höfuðáverkans með kjölfarandi umfangsmiklu heilamari og áverka á andliti sem torveldaði öndun. Er þetta talið varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði neitar sök. Hann viðurkennir þó háttsemina að hluta en telur heimfærslu brotsins ranga þannig að brot hans megi heimfæra undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur frá upphafi lýst því að hinn látni hafi átt upptökin að átökum milli þeirra. Fyrir dómi lýsti hann því hvernig hinn látni hefði bankað upp á, verið ógnandi og slegið sig. Í framhaldinu hefði komið til átaka þar sem þeir hefðu fallið niður stiga. Hann hefði þá m.a. skallað hinn látna, veitt honum hnésþark í andlitið og sparkað í maga hans. Hann kvaðst hafa komið hinum látna út og niður tröppur í heimreiðina þar sem slagsmál hefðu haldið áfram. Hann hefði sparkað í maga hins látna og slegið hann þannig að hann hefði rotast og fallið í jörðina. Engin átök hefðu átt sér stað eftir það.

Þegar lögregla mætti á vettvang þann 4. júní sl. kom ákærði á móti þeim og kvað hinn látna hafa ráðist á sig, en hann hefði rotað hann. Var það í samræmi við það sem hann sagði í símtali við neyðarlínu. Í málinu liggja fyrir upptökur af símtalinu og úr bókmyndavélum lögreglumanna sem mættu á vettvang og hafa dómendur hlustað og horft á þessar upptökur. Þá liggur fyrir upptaka úr fangaklefa þar sem ákærði lýsti því fyrir tveimur lögreglumönnum með orðum og látbragði hvernig hann hefði kýlt hinn látna og sparkað í hann þar sem hann hefði legið á jörðinni. Þá sýndi hann hvernig hann hefði stappað með fætinum og benti á andlit sitt til að sýna hvar hann hefði sparkað í hinn látna. Hann lýsti því að hinn látni hefði þá litið út fyrir að vera að fá flogakast. Dómurinn hefur horft á samtalið og aðdraganda þess. Áður en að því kom hafði ákærða

verið kynnt réttarstaða sakbornings ítrekað. Þá virðist hann eiga upphafið að því að ræða um atvikin en lögreglumenn hafi svo spurt hann spurninga í kjölfarið. Verður því ekki hafnað að líta til þess sem þar kom fram.

Við fyrstu skýrslugjöf ákærða á lögreglustöð, samdægurs, lýsti hann því jafnframt að hafa sparkað tvisvar í maga hins látna fyrir utan húsið, slegið til hans með vinstri hendi og til þess að sjá til þess að hinn látni væri „örugglega yfirbugaður“ og myndi ekki standa upp aftur hefði hann kýlt hann og sparkað í hann. Í annarri skýrslutöku, 16. júní, lýsti ákærði því jafnframt að hann hefði kýlt hinn látna þar sem hann hefði legið á jörðinni og gert allt sem hann hefði getað þar til hann hefði verið „gjörsamlega óvígáður“ og lýsti höggum og spörkum þar sem hinn látni hefði legið á jörðinni. Í skýrslutöku hjá lögreglu 14. júlí lýsti ákærði því hins vegar að hann hefði neyðst til að sparka í bók hins látna og í kjölfarið slegið hann niður og yfirbugað. Hann hefði sett hann á bakið og svo hlaupið að sækja símann til að óska eftir aðstoð. Ákærði neitaði því að hafa trampað á hinum látna en kvaðst hafa potað í hann með fætinum til að sjá í hvernig ástandi hann væri.

Ákærði er einn til frásagnar um upphaf atburðarásarinnar. Þó liggja fyrir samskipti milli nággranna á miðhæð og hins látna, frá því skömmu fyrir atvikið, sem sýna að hinn látni fór upp í risibúðina til að ræða við ákærða vegna samskipta hans við nággrannann á miðhæðinni. Þrír nággrannar úr næsta húsi urðu hins vegar varir við atvikin fyrir utan húsið eftir að hinn látni féll á jörðina. Nággranni sem var að grilla fyrir utan húsið sitt varð var við hávaða frá húsi ákærða og sá skömmu síðar hvar hreyfingarlaus maður lá á jörðinni og verið var að stappa á brjóstakassa hans. Eftir að hafi farið inn til að biðja [...] sína um að hringja í lögreglu kom hann aftur út og sá þá enn hvar hinn látni lá á jörðinni og ákærði var enn að sparka í hann. [...] bar um að hafa litið út og séð ákærða sparka í hinn látna og lýsti því að um mörg spörk hefði verið að ræða. Þá lýsti [...] því að hafa litið út um glugga, eftir að heyra samtal [...], og hafa séð ákærða pota eða sparka í hinn látna. Er ekkert sem bendir til þess að vitnin hafi haft áhrif á hvert annað heldur virðast þau hvert fyrir sig lýsa sinni aðkomu að atvikinu og er framburðurinn í samræmi við það sem kom fram hjá lögreglu þegar í upphafi.

Samkvæmt framangreindu hefur framburður ákærða tekið nokkrum breytingum undir meðferð málsins þannig að hann hefur dregið úr sínum þætti. Hann lýsti í upphafi því að hafa sparkað í hinn látna eftir að hann féll á jörðina en hefur síðan dregið til baka að svo hafi verið. Skýringar hans á því eru að mati dómsins ekki trúverðugar. Þá samræmist framburður nággranna hans í næsta húsi mun betur því sem ákærði bar í upphafi.

Ákærði hefur ávallt lýst því að hinn látni hafi átt upptök að átökum þeirra. Þótt engin vitni séu að því sést af skilaboðum milli hins látna og nággranna á miðhæðinni að hann ætlaði að ræða við ákærða. Vitni fyrir dóminum lýsti því að hinn látni hefði einu sinni gert athugasemdir við hann með góðum árangri. Þá kom fram hjá vitnum að hinn látni hefði verið rólegur maður sem leysti málin með samræðum. Samkvæmt skýrslu um

réttarkrufningu á hinum látna var hann undir áhrifum áfengis, en ekki er hægt að fullyrða á hvern hátt það hafði áhrif á hann, auk þess sem ákærði taldi sig ekki sjá þess nein merki. Samkvæmt vottorðum tveggja lækna vegna réttarlæknisfræðilegrar skoðunar á ákærða, sem staðfest hafa verið fyrir dómi, var ekki að finna áverka á ákærða sem benda til þess að hann hafi orðið fyrir alvarlegri árás. Áverkar á honum voru óverulegir, einungis grunnar rispur á upphandlegg, fleiður á ökkla og mar á síðu, auk áverka sem skýrast af handtöku hans. Hann bar þess því ekki merki að hafa fengið högg frá ákærða eins og hann hefur borið um.

Ákærði var þakinn blóði er lögreglumenn komu á vettvang. Hann hafði engin opin blæðandi sár og því ljóst að blóðið var ekki úr honum. Þá hafði hann miklar bólgur og roða á hnúasvæði beggja handa sem benti til að hann hefði slegið eitthvað. Sýni af líkama ákærða og fatnaði hans voru öll með meirihluta DNA-sniða frá hinum látna. Þá voru skór ákærða mjög blóðugir, bæði að ofan og á sóla, og var blóðið úr hinum látna. Þá liggur fyrir að munstraður áverki sást á enni hins látna sem fer saman við munstur sóla af skó sem ákærði var í við handtöku.

Áverkar á líki hins látna voru gríðarlegir, sérstaklega á höfði og hálsi. [Nánari lýsing úr skýrslu réttarlækna]

Vettvangur atvikanna var rannsakaður af tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Í skýrslu tæknideildar er að finna ljósmyndir af vettvangi þar sem sjá má merki um átök innan og utan húss. Í stigagangi hússins að [...] má sjá hvar hlutir virðast hafa fallið niður og blóðkám er að finna á veggjum. Fyrir utan húsið má sjá að beisli bifreiðarkerru er blóðugt, en kerran var við hlið hins látna. Þá sést blóð í kringum hinn látna og á kantsteini og í djúpri dæld sem var undir höfði hins látna er lögregla kom á vettvang er mikið blóð. Þótt ekki verði fullyrt að grasflötin hafi verið slétt er næsta víst að einhverju hefur verið þrýst af afli ofan í grasið á þessu svæði.

Með hliðsjón af öllu því sem hér hefur verið rakið telur dómurinn sannað að ákærði hafi veist að hinum látna með þeim hætti sem lýst er í ákæru. Þannig hafi hann ekki einungis beitt hann ofbeldi inni á stigagangi hússins og sparkað í hann og kýlt þangað til hann náði honum niður í jörðina utan húss, heldur hafi hann einnig kýlt hinn látna og sparkað og traðkað margsinnis á höfði hans og brjóstakassa, þar sem hann lá á jörðinni.

Ákærði hafnar því að heimfæra skuli brot hans til 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem manndráp en telur réttara að líta svo á að um sé að ræða sérstaklega hættulega líkamsárás sem leitt hafi til dauða, sbr. 2. mgr. 218. gr. laganna. Vísar hann til þess að hugur hans hafi ekki staðið til að veita hinum látna bana. Eins og lýst hefur verið hér að framan voru áverkar á hinum látna gríðarlega miklir þannig að ítrekuð högg og mikinn kraft þurfti til að valda þeim. Ákærði hafði greinilega mikla yfirburði í átökum við hinn látna, enda voru áverkar á ákærða nánast engir. Er ljóst af gögnum málsins að

atлага ákærða var ofsafengin og beindist hún einkum að höfði hins látna á meðan hann lá á jörðinni og gat sér enga björg veitt. Var því um stórkostlega hættulega atlögu að ræða og hlaut ákærða að vera ljóst að langlíklegast væri að bani hlytist af henni. Varðar brot ákærða því við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Undir rannsókn og meðferð málsins voru dómkvaddir undirmatsmaður og tveir yfirmatsmenn til að leggja mat á geðheilbrigði ákærða. Hér að framan hefur verið greint frá geðrannsóknum U, geðlæknis og dómkvaddis matsmanns, og geðlæknanna og yfirmatsmannanna V og W, auk sálfræðilegrar matsgerðar AA. Í framangreindum matsgerðum er aðstæðum ákærða lýst. Kemur þar fram að ákærði hafi ýmis einkenni [...] og hafi búið við [...]. Honum hafi gengið vel í skóla framan af en á unglingsárum hafi staða hans versnað. Hann hafi ekki fengið þá aðstoð sem hann hafi verið í þörf fyrir og mögulega þróað með sér [...]. Matsmenn telja ákærða ekki haldinn alvarlegum geðsjúkdómi og hafi eðlilega greind. Allir framangreindir geðlæknar eru sammála um að ákærði sé sakhæfur og að refsing geti borið árangur, sbr. 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga. Allir framangreindir sérfræðingar staðfestu matsgerðir sínar fyrir dóminum og svöruðu spurningum um þær. Að framansögðu gættu er það niðurstaða dómsins að ekki sé ástæða til að telja að 15. gr. almennra hegningarlaga geti átt við í málinu.

Í undirmatsgerð kemur fram að matsmaður hafi í upphafi haft vissar efasemdir um að refsing geti borið árangur, sbr. 16. gr. almennra hegningarlaga, en skipt um skoðun er hann hafi séð hve vel hafi gengið hjá ákærða í gæsluvarðhaldinu. Með hliðsjón af þeim upplýsingum, því sem fram kemur um þetta í yfirmatsgerð og nýlegum upplýsingum úr fangelsinu þar sem ákærði dvelur verður fallist á það mat matsmanna að 16. gr. almennra hegningarlaga eigi heldur ekki við í málinu.

Ákærði er fæddur í [...] og var því [...] er atvikið varð. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 27. mars sl., var hann með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, [...] 2020, dæmdur í 30 daga fangelsi skilorðsbundið til tveggja ára, fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Með broti sínu nú hefur ákærði rofið skilorð framangreinds dóms og verður dómurinn því dæmdur upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, sbr. ákvæði 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga varða allt að ævilöngu fangelsi. Atлага ákærða var ofsafengin og hrottaleg og hélt hann henni áfram þótt hinn látni lægi hreyfingarlaus á jörðinni. Á ákærði sér ekki sérstakar málsbætur. Að teknu tilliti til alls framangreinds og 1.–8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár. Til frádráttar refsingunni kemur óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 5. júní 2022.

Eins og fram kom hjá dómkvöddum matsmönnum og sálfræðingi fyrir dómi á ákærði við ákveðnar takmarkanir að etja og er jafnvel ekki útilokað að alvarleg veikindi gætu verið í uppsiglingu. Er því mikilvægt að við fullnustu refsingar ákærða verði litið

til stöðu hans og þess gætt að hann fái þá heilbrigðisþjónustu sem hann þarf á að halda. Samkvæmt 29. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fanga segja til um. Jafnframt getur Fangelsismálastofnun heimilað, eftir 22. gr. sömu laga, að fangi sé vistaður um stundarsakir eða allan refsitímann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun.

Af hálfu [...] hins látna, B, er þess krafist að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð 3.000.000 króna og útfararkostnað að fjárhæð 1.351.960 krónur. Ákærði hefur fallist á bótaskyldu gagnvart [...] hins látna en mótmælt fjárhæð bóttanna. Þá hefur hann fallist á greiðslu útfararkostnaðar í samræmi við framlagða reikninga. Brotþoli á rétt til greiðslu miskabóta á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja miskabæturnar hæfilega ákveðnar 3.000.000 króna. Lögð hafa verið fram gögn um útfararkostnað. Í ljósi þeirra og samþykkis ákærða verður fallist á kröfuna. Krafan ber vexti eins og í dómsorði greinir.

Af hálfu [...] hins látna, C, er þess krafist að ákærði greiði honum miskabætur að fjárhæð 3.000.000 króna. Brotþoli á rétt til greiðslu miskabóta á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og hefur ákærði fallist á það en mótmælt fjárhæð bóttanna. Þykja miskabæturnar hæfilega ákveðnar 3.000.000 króna og bera þær vexti eins og í dómsorði greinir. Þá verður ákærða gert að greiða honum málskostnað að fjárhæð 278.721 króna.

Af hálfu [...] hins látna, E, er þess krafist að ákærði greiði honum miskabætur að fjárhæð 3.000.000 króna. Þá er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða honum bætur vegna missis framfæranda, frá 4. júní 2022 til 18 ára aldurs, að fjárhæð 7.284.216 krónur. Ákærði hefur fallist á greiðslu miskabóta en mótmælt fjárhæð þeirra. Þá hefur hann fallist á kröfu um bætur vegna missis framfæranda. Brotþoli á rétt til greiðslu miskabóta á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og þykja þær hæfilega ákveðnar 3.000.000 króna. Lagðir hafa verið fram útreikningar á kröfu um missi framfæranda og gerir ákærði ekki athugasemd við þá. Verður því jafnframt fallist á þá kröfu og bera kröfurnar vexti eins og í dómsorði greinir. Þá verður ákærða gert að greiða brotþola málskostnað að fjárhæð 278.721 króna.

Af hálfu [...] hins látna, G, er þess krafist að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð 3.000.000 króna og bætur vegna missis framfæranda, frá 4. júní 2022 til 18 ára aldurs, að fjárhæð 3.130.691 króna. Ákærði hefur fallist á greiðslu miskabóta en mótmælt fjárhæð þeirra. Þá hefur hann fallist á kröfu um bætur vegna missis framfæranda. Brotþoli á rétt til greiðslu miskabóta á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og þykja þær hæfilega ákveðnar 3.000.000 króna. Lagðir hafa verið fram útreikningar á kröfu um missi framfæranda og gerir ákærði ekki athugasemd við þá.

Verður því jafnframt fallist á þá kröfu og bera kröfurnar vexti eins og í dómsorði greinir. Þá verður ákærða gert að greiða brotþola málskostnað að fjárhæð 278.721 króna.

Af hálfu [...] ákærða, H, er þess krafist að ákærði greiði honum miskabætur að fjárhæð 3.000.000 króna. Ákærði hefur fallist á bótaskyldu gagnvart [...] ákærða en mótmælt fjárhæð bótanna. Brotþolinna á rétt til greiðslu miskabóta á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja þær hæfilega ákveðnar 3.000.000 króna og bera þær vexti eins og í dómsorði greinir. Þá verður ákærða gert að greiða honum málskostnað að fjárhæð 278.721 króna.

Af hálfu [...] hins látna, I, J, K og L, er gerð krafa um miskabætur að fjárhæð 3.000.000 króna til hvers um sig. Ákærði hefur hafnað bótakröfum þeirra og telur skilyrði ekki standa til að greiða þeim bætur. Með vísan til 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og dómafordæma, m.a. dóms Landsréttar í máli nr. 590/2021, verður fallist á kröfuna og þykja bætur hæfilega ákveðnar 1.250.000 krónur til hvers um sig. Fer um vexti eins og í dómsorði greinir. Þá verður ákærða gert að greiða hverju [...] hins látna fyrir sig málskostnað að fjárhæð 278.721 króna.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar lögmanns, 7.307.010 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþolans B, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 278.721 krónu, og 5.253.433 krónur í annan sakarkostnað. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari.

Barbara Björnsdóttir og Hildur Briem héraðsdómarar og Kristinn Tómasson geð- og embættislæknir kveða upp þennan dóm.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Magnús Aron Magnússon, sæti fangelsi í 16 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 5. júní 2022 kemur til frádráttar refsingu.

Ákærði greiði B 4.351.960 krónur, með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 3.000.000 króna, frá 4. júní 2022 til 30. september 2022, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði C 3.000.000 króna, með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 til 30. september 2022, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags, og 278.721 krónu í málskostnað.

Ákærði greiði E 10.284.216 krónur, með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 af 3.000.000 króna, frá 4. júní 2022 til 30. september 2022, og vöxtum skv. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 7.284.216 krónum frá 4. júní 2022 til 30. september

2022, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 af 10.284.216 krónum frá þeim degi til greiðsludags, og 278.721 krónu í málskostnað.

Ákærði greiði G 6.130.691 krónu, með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 af 3.000.000 króna, frá 4. júní 2022 til 30. september 2022, og vöxtum skv. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 3.130.691 krónu frá 4. júní 2022 til 30. september 2022, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 af 6.130.691 krónu frá þeim degi til greiðsludags, og 278.721 krónu í málskostnað.

Ákærði greiði H 3.000.000 króna, með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 til 30. september 2022, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags og 278.721 krónu í málskostnað.

Ákærði greiði I 1.250.000 krónur, með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 til 30. september 2022, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags og 278.721 krónu í málskostnað.

Ákærði greiði J 1.250.000 krónur, með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 til 30. september 2022, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags og 278.721 krónu í málskostnað.

Ákærði greiði K 1.250.000 krónur, með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 til 30. september 2022, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags og 278.721 krónu í málskostnað.

Ákærði greiði L 1.250.000 krónur, með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 4. júní 2022 til 30. september 2022, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags og 278.721 krónu í málskostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar lögmanns, 7.307.010 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotapolans B, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 278.721 krónu, og 5.253.433 krónur í annan sakarkostnað.

Barbara Björnsdóttir

Hildur Briem

Kristinn Tómasson